
Íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum

Hafnarfirði

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 25. nóvember 2021 barst Skipulagsstofnun matsáætlun um uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.02 í 1. viðauka laganna og ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 um að framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands um matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Uppbygging á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði. Matsáætlun. Hafnarfjarðarbær og VSÓ ráðgjöf, nóvember 2021.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Birni Ólafi Gíslasyni o.fl. 23. desember 2021, Hafrannsóknastofnun 3. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar 21. desember 2021, Huldu Hákonardóttur 27. desember 2021, Landvernd 28. desember 2021, Minjastofnun Íslands 10. desember 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 28. desember 2021, Orkustofnun 16. desember 2021, Umhverfisstofnun 13. janúar 2022 og Veðurstofu Íslands 21. desember 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 8. febrúar 2022.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Hafnarfjarðarbæjar um byggingu fjölnota knatthúss og fjögurra æfingavalla. Stærð íþróttahússins er 9.900 m². Mænishæð yfir miðju vallar er 25 m en 12 m yfir hliðum. Gert er ráð fyrir um 900 m² þjónustubyggingu samtengdri knatthúsinu. Æfingarvellir, verða á bilinu 40 m x 55 m til 55 m x 75 m.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í tillögu Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að gert sé ráð fyrir að bera saman eftirfarandi valkosti í mati á umhverfisáhrifum:



Valkostur A | fyrirhuguð uppbygging, skv. skipulagi

Staðsetning mannvirkja í samræmi við aðalskipulag og yfirstandandi deiliskipulagsvinnu. Valkostur gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett nyrst á athugunarsvæðinu og æfingasvæði verði staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll. Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir þremur æfingarvöllum og eru þeir vellir sameiginlegir báðum valkostum.

Valkostur B | fyrri hugmynd um uppbyggingu

Staðsetning mannvirkja samkvæmt fyrra deiliskipulagi frá árinu 2010. Valkostur gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll og æfingasvæði er staðsett nyrst á athugunarsvæðinu. Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir þremur æfingarvöllum og eru þeir vellir sameiginlegir báðum valkostum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er bent á nauðsyn þess að bera saman raunhæfa kosti með tilliti til umhverfisáhrifa. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að framlagðir kostir séu ófullnægjandi þar sem þeir uppfylli ekki báðir markmið um íþróttastarfsemi né þau áform að auka framboð íbúðarhúsnæðis á svæðinu. Kostur B vísi til deiliskipulags sem hafi þegar verið fellt úr gildi því sá kostur hindri byggingu fleiri íbúða á svæðinu. Aðrir kostir ættu að koma til skoðunar. Jafnframt bendir Hulda Hákonardóttir á að unnt væri að skoða þann kost að byggja hluta íþróttamannvirkja annars staðar.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda var bent á nauðsyn þess að „skoða ... áhrif af staðsetningu íþróttahúss í samræmi við gildandi deiliskipulag, fjær friðlandsmörkunum, og bera saman umhverfisáhrif þessara tveggja valkosta“ líkt og Hafnarfjarðarbær áformar að gera í umhverfismati. Skipulagsstofnun tekur þó undir með því sem segir í umsögnum að í ljósi nálægðar við Ástjörn, verndarstöðu og viðkvæmni svæðisins væri æskilegt að skoða frekari valkosti fyrir staðsetningu knatthúss.

Vatnsbúskapur Ástjarnar

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði valkostir bornir saman með tilliti til mögulegra áhrifa á vatnsstöðu og vatnsflæði úr Ástjörn. Einnig verði nánar gerð grein fyrir áhættuþáttum mengunar á framkvæmdartíma.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er bent á að áformuð umfjöllun eins og henni er lýst í matsáætlun muni ekki svara því hvort framkvæmdir við og fargið sem því fylgir að reisa 9.900m² byggingu með 25 metra mænishæð auk 900 m² samtengdrar þjónustubyggingar ofan á tveimur hraunlögum frá nútíma, geti haft áhrif á lekt jarðlaganna á byggingartíma eða eftir að honum lýkur. Gera þurfi grein fyrir því hvort jarðvinna geti aukið flæði úr Ástjörn og lækkun á grunnvatnsstöðu.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að við undirbúning framkvæmda hafi verið boraðar 16 holur til að kanna undirstöður knatthússins. Niðurstöður sýna að fyllingin undir vellinum sé milli 0,6 – 1 m á þykkt og þar fyrir neðan sé þétt og fín hraunklöpp. Við hönnun sé áhersla lögð á að jarðvinna fari ekki undir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar þannig að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á lekt jarðlaganna. Framkvæmdir og þau mannvirki sem þeim fylgja hafi ekki áhrif á jarðlög sem liggja fyrir neðan þau sem verði raskað. Gerð verði grein fyrir niðurstöðum úr jarðtækniskýrslu á svæðinu í umhverfismatsskýrslu sem sé byggð niðurstöðum úr tilraunaborholum og kortlagningu á svæðinu. Þá verði einnig gerð grein fyrir því hvernig verði staðið að jarðvinnu á svæðinu og hvaða kröfur verði gerðar til að tryggja að ekki verði farið niður fyrir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar. Í umhverfismatsskýrslu verði því svarað hvort jarðvinna geti aukið flæði úr Ástjörn og lækkað grunnvatnsstöðu.



Skipulagsstofnun telur í ljósi verndargildis Ástjarnar afar brýnt að meta áhrif framkvæmdanna á vatnsbúskap tjarnarinnar. Sýna þarf í umhverfismatsskýrslu af nokkurri nákvæmni hvernig mannvirkið verði grundað. Gera þarf grein fyrir hvernig staðið verði að jarðvinnu og hvernig verði tryggt að ekki verði farið niður fyrir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar. Í umhverfismatsskýrslu þarf að leggja mat á þær hættur sem Ástjörn stafar af framkvæmdunum bæði á meðan framkvæmdir standa yfir sem og eftir að þeim er lokið og starfsemi er hafin á svæðinu. Gera þarf grein fyrir því hvort framkvæmdir geti haft áhrif á vatnsstöðu Ástjarnar og hvaða ráðstafana verði gripið til að svo verði ekki. Í umhverfismatsskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir því hvort hætta sé á því að mengun geti borist í Ástjörn vegna framkvæmdanna eða eftir að þeim er lokið. Greina þarf frá mögulegum mótvægisáðgerðum til vatnsverndar. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvort mannvirkjum á svæðinu stafi hætta af flóðum frá vatnasvæði Ástjarnar og hvort nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að bregðast við slíkri hættu.

Lífriki Ástjarnar

Í matsáætlun kemur fram að Ástjörn og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi og í henni er mikið smádýralíf. Annað lífríki en fuglar og gróður er þó ekki meðal umhverfispáttu sem fyrirhugað er að taka fyrir í umhverfismati.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að áhrif á vatnalíf sé ekki talið með áhrifaþáttum framkvæmdar. Í umsögn stofnunarinnar er bent á möguleg áhrif ljósmengunar á lífríki Ástjarnar og nærliggjandi votlendis.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í umhverfismatsskýrslu verði áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki Ástjarnar og nærliggjandi votlendis metin. Við matið skal meðal annars hafa hliðsjón af mögulegum áhrifum lýsingar á lífríki.

Fuglar

Í matsáætlun kemur fram að fuglafræðingur verði fenginn til að taka saman fyrirbyggjandi gögn um fuglalíf við fyrirhugað framkvæmdasvæði og Ástjörn og leggja mat á áhrif valkosta.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að fjalla þurfi um áhrif hávaða á fuglalíf á rekstartíma knatthúss og íþróttavalla. Sama segir í umsögn Umhverfisstofnunar auk þess sem stofnunin telur að jafnframt þurfi að hafa hliðsjón af áhrifum lýsingar á fugla.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að áhrif hljóðstigs á fugla verði metið.

Skipulagsstofnun telur að meta þurfi áhrif mannvirkja og starfsemi á fuglalíf á Ástjörn og nærliggjandi votlendi. Gera þarf grein fyrir áhrifum hljóðs og ljóss á fuglalíf tjarnarinnar. Einnig þarf að greina frá því hvort mannvirki hafi hindrandi eða fælendi áhrif á fugla á Ástjörn, t.d. ef mannvirki þvera flugleiðir að vatninu.

Tengdar framkvæmdir

Í kafla 2 í matsáætlun er lýsing á fyrirhuguðum íþróttamannvirkjum samkvæmt tveimur valkostum. En jafnframt kemur fram að gerð verði grein fyrir annarri uppbyggingu á svæðinu, þ.m.t. 100-110 íbúðum og fleiri bílastæðum. Miðað við myndræna framsetningu kosta á bls. 5 í matsáætlun virðist valkostur B óraunhæfur þar sem ráðgerðar íbúðir skerða svæði sem ætlaðar eru fyrir knatthús.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að meta áhrif fyrirhugaðrar íbúðabyggðar á framlagða kosti um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Vöktun

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir niðurstöðum vöktunar fyrir júní 2021 til a.m.k. febrúar 2022 og þær bornar saman við fyrri mælingar frá árunum 2002 og 1995. Það fyrirkomulag nær yfir þann tíma sem Ástjörn er í hæstu stöðu samkvæmt fyrri mælingum.



Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili útbúi áætlun um vöktun á vatnsyfirborði tjarnarinnar auk viðbragðsáætlunar um aðgerðir sem grípa skuli til verði vart við breytingar á vatninu.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að vöktun á grunnvatnsyfirborði Ástjarnar hafi byrjað í júní 2021 og grunnvatnsstaðan sé mæld á 2-4 vikna fresti. Niðurstöður og áframhaldandi vöktun verði ákveðin í samræmi við niðurstöðu umhverfismats og tilgreind í umhverfismatsskýrslu. Í umhverfismatsskýrslu verði einnig gert grein fyrir viðbragðsáætlun um aðgerðir verði vart við breytingar á vatninu.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur nauðsynlegt að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir vöktun á vatnsborði Ástjarnar. Nauðsynlegt er að vöktunaráætlun feli m.a. í sér viðmið sem talin eru ásættanleg fyrir stöðu vatnsborðs á svæðinu og ráðgert er styðjast við sem og viðbragðsáætlun ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg.

4 Niðurstaða


Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

1. **Vatnsbúskapur.** Meta áhrif framkvæmdanna á vatnsbúskap Ástjarnar. Skýra hvernig grundun kemur í veg fyrir áhrif á vatnsborð. Meta þarf þær hættur á framkvæmda- og rekstartíma sem Ástjórn stafar af mannvirkjunum. Greina þarf frá því hvaða ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir breytingar á vatnsstöðu Ástjarnar vegna framkvæmdanna. Greina þarf frá mögulegum mótvægisáðgerðum vegna vatnsverndar. Meta þarf hvort flóð frá vatnasvæði Ástjarnar kunni að hafa áhrif á mannvirki og hvort nauðsynlegt sé að beita einhverjum mótvægisáðgerðum vegna þeirra.
2. **Lífriki Ástjarnar.** Meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki Ástjarnar og nærliggjandi votlendis. Við matið skal meðal annars hafa hliðsjón af mögulegum áhrifum lýsingar á lífríki.
3. **Fuglar.** Meta þarf áhrif mannvirkja og starfsemi á fuglalíf á Ástjórn og nærliggjandi votlendi. Gera þarf grein fyrir áhrifum hljóðs og ljóss á fuglalíf tjarnarinnar. Einnig þarf að greina frá því hvort mannvirki hafi hindrandi eða fælandi áhrif á fugla á Ástjórn, t.d. ef mannvirki þvera flugleiðir að vatninu.
4. **Tengdar framkvæmdir.** Meta áhrif fyrirhugaðrar íbúðabyggðar á framlagða kosti um uppbyggingu íþróttamannvirkja.
5. **Vöktun.** Gera grein fyrir vöktun á vatnsborði Ástjarnar. Nauðsynlegt er að vöktunaráætlun feli m.a. í sér viðmið sem talin eru ásættanleg fyrir stöðu vatnsborðs á svæðinu og ráðgert er styðjast við, sem og viðbragðsáætlun ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg.

Reykjavík, 22. febrúar 2022


Egill Þórarinnsson


Sigurður Ásbjörnsson